

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2008
2008020013/42-1-3
JGO/mfb

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu jökulsáa í Skagafirði (59. mál)

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði (59.mál). Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu vatnasvæðisins fyrir norðan Hofsjökul.

Náttúrufræðistofnun er sammála því að vernda beri náttúru á vatnasviði Austari- og Vestari-Jökulsár og þveráa þeirra og tryggja eftir föngum að náttúra svæðisins fái að þróast í samræmi við ákvæði 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í því felst m.a. að stuðla beri að vernd og nýtingu auðlinda á svæðinu á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að á umræddu svæði eru mörg náttúruverndarsvæði (sjá skilgreiningu í náttúruverndarlögum), sem hafa mikið verndargildi. Til dæmis má nefna Guðlaugs- og Álfgeirstungur, Orravatnsrústir, Fögruhlíð í Austurdal, Austara Eylendið, Miklavatn og botn Vesturdals. Mikilvægt er að tryggja friðun þessara svæða. Stofnunin leggur áherslu á að framkvæmdir sem kunna að verða heimilaðar á umræddu vatnasviði raski ekki þessum svæðum og á það ekki síður við fyrirhugaða vegagerð (t.d. svo kallaður Norðurvegur) en virkjanir í jökulsánum.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki afstöðu til þess á þessu stigi hvort friðlýsa beri vatnasvæðið norðan Hofsjökuls í heild sinni og vísar m.a. til þess að fyrirhugað er að Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, sem ljúka á í lok árs 2009, fái stjórnsýslulega stöðu með einhverjum hætti. Þar hlýtur afstaða að verða tekin til vatnasviðsins norðan Hofsjökuls með tilliti til fyrirhugaðra virkjana við Skatastaði og Villinganes.

Náttúrufræðistofnun vill loks ítreka þá skoðun að vernda þurfi að lágmarki eina eða tvær af stóráám landsins með vatnasviði frá upptökum til ósa, sbr. bréf til umhverfisnefndar dags. 15. febrúar 2007 um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS